

Ed.

492. Frumvarp til laga

[259. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Nú óskar einstaklingur, fyrirtæki eða samtök eftir aðild og skal þá sækja um hana til stjórnar ráðsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftar eftir ákvörðun viðskiptaráðherra eða stjórnar ráðsins. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar til þessara funda og stýrir þeim.

4. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna einn mann hver, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn. Viðskiptaráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

5. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn og ákveður laun og önnur starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður árgjöld, sbr. 6. gr., og gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- a) Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983.
- b) Tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984.
- c) Árgjöld.
- d) Framlag ríkissjóðs.
- e) Þóknun fyrir veitta þjónustu.
- f) Sérstök framlög og aðrar tekjur.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa, sem starfa í sendiráðum, að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör skulu settar sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Viðskiptaráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971 um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna er fram komu í starfi nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 11. janúar 1985 og fól m.a. „að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega með hvaða hætti mætti efla samstarf útflytjenda og stjórnvalda á sviði útflutnings“.

Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda. Aðrir nefndarmenn voru Einar Benediktsson, sendiherra, Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Guðmundur H. Garðarson, viðskiptafræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskipafélags Íslands, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Steinar Berg Björnsson, stjórnarformaður Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, og Þórhallur Helgason, varaformaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Nefndarskipan þessi var í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar frá því í september 1984 sem hljóðaði svo: „Í samráði við útflytjendur og samtök þeirra verði hafist handa um „heildarendurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsmála og með hvaða hætti æskilegt sé að ríkisvaldið standi að þeim málum.“ Hér er m.a. átt við, hvort ekki sé rétt að ein og sama

stofnunin, útflutningsmiðstöð, annist aðstoð við útflytjendur, þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að, ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði.“

Segja má að hér séu stjórnvöld að bregðast við þeirri nauðsyn, sem er nú almennt viðurkennd, að Íslendingar verða að beina kröftum sínum að útflutningi vöru og þjónustu í mun ríkari mæli en verið hefur. Útflutningur vöru og þjónustu er burðarás íslensks þjóðarbúskapar. Þetta þýðir að samræma verður störf þeirra aðila er sinna útflutningi eða aðstoð við útflytjendur. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er stigið veigamikilið skref í þessa átt.

Lagt er til að allar atvinnugreinar og hið opinbera sameini krafta sína og setji á laggirnar eina stofnun er verði eins öflug og frekast er kostur. Að því er stefnt að þarna verði miðstöð eða vettvangur samstarfs allra útflytjenda er nýtt geti sér þjónustu stofnunarinnar og haft áhrif á framtíðarverkefni hennar. Jafnframt er þess gætt að byggja sem mest á þeirri starfsemi sem þegar fer fram á þessu sviði.

Skipulagi stofnunarinnar er hagað þannig að það verði útflytjendur sjálfir sem ráði mestu um gang mála. Jafnframt er gert ráð fyrir nánnum tengslum stofnunarinnar við stjórnvöld, t.d. að starfsmenn hennar geti starfað í sendiráðum Íslands erlendis, en af slíku samstarfi hlýtur að verða margháttað hagræði og sparnaður. Viðskiptaráðuneytið ber stjórnskipulega ábyrgð á starfsemi þessari enda er það í verkahring þess ráðuneytis að sinna utanríkisviðskiptum.

Sjávarútvegur og fiskverkun hafa lengi gegnt lykilhlutverki í útflutningsframleiðslunni og þar hefur myndarlega verið staðið að vöruþróun fyrir erlenda markaði. Á þeim vettvangi þarf vitaskuld áfram að vinna. Þótt menn séu sammála um þörfina fyrir nýjar útflutningsgreinar er hitt líka ljóst að útgerð og fiskiðnaður verða í náinni framtíð þungamiðjan í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Þessar atvinnugreinar eru jafnframt mikilvægur grundvöllur ýmissa annarra greina. Þannig hefur hér á landi t.d. verið að þróast visir að upplýsinga- og tækniðnaði sem að nokkru leyti styðst við tiltölulega stóran heimamarkað í útgerð og fiskiðnaði. Markaðsleit og stuðningur við útflutning á þessu sviði skiptir miklu máli fyrir alla framtíðarþróun íslensks atvinnulífs. Þá gæti öflug starfsemi í þágu útflutningsins greitt fyrir svokölluðum verkefnaútflutningi, þ.e. sölu á kunnáttu eða hugviti til skipulagningar, reksturs eða rannsókna. Má hér nefna mikla reynslu og þekkingu á sviði sjávarútvegs og sérkunnáttu að því er varðar tæknihlíðar á hagnýtingu jarðvarma en í því tilviki eins og í sjávarútvegi gæti hugsanlega verið um að ræða framleiðslu íslenskra tækja og hugbúnaðar.

Útflutningur iðnaðarvöru hefur aukist jafnt og þétt undanfarin fimmtán ár. Ál og kísiljárn vega þungt í þeirri aukningu en ullar- og skinnavörur skipta einnig miklu máli. Hér hefur landbúnaðurinn einnig hlutverki að gegna í framleiðslu á hráefnum til ullar- og skinnaiðnaðar. Meginverkefnið á næstu árum er að gera iðnaðarvöruútflutninginn fjölbreyttari en hann er nú. Þar með öðlast líka fleiri fyrirtæki þá reynslu sem starf á erlendum markaði veitir. Við það verða þau betur búin en ella í samkeppni við erlenda keppinauta á heimamarkaði. Þjónusta við erlenda ferðamenn er ört vaxandi starfsemi hér á landi og þar liggja verulegir möguleikar á auknum gjaldeyriskjómum. Það er því mikilvægt að tengja eflingu þessarar starfsemi almennri eflingu útflutningsstarfsemi eftir því sem kostur er.

Fjölmargir aðilar, ráðuneyti og aðrar stofnanir, vinna nú að ýmsum þáttum efnahagslegra og viðskiptalegra tengsla Íslands út á við. Eins og tíðkast hefur í íslensku atvinnulífi hlýtur fjöldi fyrirtækja og samtaka þeirra að vinna að frekari uppbyggingu útflutningsframleiðslu og alþjóðastarfsemi. Æskileg þróun framleiðslu og útflutnings getur ekki hvílt á miðstýringu hins opinbera. Hins vegar geta bæði eldri og nýrri greinar aukið styrk sinn og getu með öflugum samstarfi sín á milli og með stuðningi stjórnvalda. Þetta á ekki hvað síst við

um almenna kynningu á Íslandi erlendis sem lið í því að auka útflutning og til að laða að ferðamenn. Inn í þetta þarf einnig að flétta kynningu á íslenskrri menningu og listum erlendis.

Hlutverk þeirrar stofnunar, sem frumvarp þetta nær til, er þrífætt. Í fyrsta sinn er skapaður sameiginlegur vettvangur allra þeirra sem sinna útflutningi eða annarri gjaldeyris-skapandi starfsemi. Með því móti gefst færi á að vinna nýjum hugmyndum brautargengi og hafa áhrif á mörkun framtíðarstefnu í útflutningsmálum. Augljóst er að vilji þessa nýja ráðs kemur til með að veða þungt við ákvarðanatöku og afskipti stjórnvalda af þessum málum í framtíðinni. Í öðru lagi er Útflutningsráð stjórnvöldum til ráðuneytis um utanríkisviðskiptamál. Í þriðja lagi mun starfsemi ráðsins felast í margvíslegri fyrirgreiðslu og aðstoð við útflytjendur. Þessi starfsemi er nú á margra hendi en hér er gert ráð fyrir samræmingu er ætti að geta skilað sér í auknu hagræði. Stofnunin á að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum útflytjenda, sameiginlegu átaki og kynningu sem hver og einn útflytjandi getur síðan nýtt sér í eigin þágu. Hún á enn fremur að aðstoða einstakar útflutningsgreinar og einstök fyrirtæki og hvetja til aukins útflutnings með skipulögðu átaki til nýsköpunar og með átaki í þeim greinum sem fyrir eru. Veigamikill þáttur í starfsemi Útflutningsráðs er að safna upplýsingum um allt sem viðvíkur ástandi og horfum á erlendum markaði og koma þeim til fyrirtækja. Að því er varðar beina þjónustu má nefna kynningarstarf erlendis með þátttöku í og skipulagningu vörusýninga, einnig markaðskannanir og áróðursherferðir fyrir íslenskan varning og þjónustu og enn fremur aðstoð við markaðssókn og solumál einstakra fyrirtækja. Þá má nefna margvíslega aðra aðstoð, t.d. við skjalagerð, lögfræðiþjónustu, útgáfu kynningarrita o.fl. Eiginleg sala getur hins vegar aldrei verið hlutverk stofnunar sem þessarar. Hún hlýtur áfram að vera verkefni einstakra fyrirtækja eða sölusamtaka þeirra.

Gert er ráð fyrir því að eftirtaldir aðilar verði stofnaðilar Útflutningsráðs: ASÍ, Arnarflug, Eimskip, Félag íslenskra fiskimjòlsframleiðenda, Félag íslenskra iðnrekenda, Félag íslenskra stórkaupmanna, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Ferðamálaráð, Flugleiðir, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Háskóli Íslands, iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband íslenskra útgerðarmanna, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra auglýsingastofa, SH, SÍF, Síldarútvegsnefnd, SÍS, Skreiðarsamlagið, Sölustofnun lagmetis, sjávarútvegsráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Verktakasamband Íslands, Verslunarráð Íslands, viðskiptaráðuneytið og VSÍ.

Miklu skiptir að tryggja fjármögnun þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um. Í frumvarpinu er lagt til að grunnkostnaður Útflutningsráðs verði aðallega greiddur með framlagi þeirra atvinnugreina, sem einkum eiga hlut að máli, og með framlagi ríkisins á fjárlögum hvert ár. Jafnframt er lögð áhersla á að vinna við tiltekin verkefni fyrir einstök fyrirtæki umfram ákveðið mark verði greidd af viðkomandi fyrirtækjum. Samkvæmt lögum um Iðnlánasjóð renna $\frac{2}{7}$ hlutar iðnlánasjóðsgjalds til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og er áætlað að á árinu 1986 verði það um 21 milljón króna. Gert er ráð fyrir að þetta framlag renni áfram til starfsemi Útflutningsráðs. Til viðbótar er síðan gert ráð fyrir að ráðið fái tekjur af útfluttum sjávarafurðum sem nemi 0,15% af gjaldstofni útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Á árinu 1986 gæti þetta numið 35 milljónum króna á núverandi gengi. Til viðbótar kæmi ríkisframlag. Þessum tekjum er ætlað að standa undir fastri starfsemi skrifstofu ráðsins og einnig undir a.m.k. 4 viðskiptafulltrúum erlendis. Hér verður að hafa í huga að öll starfsemi á sviði útflutnings kostar mun meira fé en starfsemi á heimavelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint á almennan hátt hið tvíþætta hlutverk Útflutningsráðs að vinna að sameiginlegri stefnumótun allra aðila í málum er lúta að eflingu útflutnings og að veita útflytjendum tiltekna þjónustu. Stefnumótunin tekur til þeirra þátta þar sem um er að ræða sameiginlegar aðgerðir hins opinbera, fyrirtækja og/eða samtaka. Hún tekur einnig til menntunar og starfsþjálfunar á þessu sviði og til aðgerða sem til þess eru fallnar að auka skilning á gildi útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Útflutningsráðið er stjórnvöldum einnig til ráðuneytis að því er varðar alþjóðaviðskiptamál.

Af þjónustu við útflytjendur má m.a. nefna:

- a. Að skipuleggja alhliða landkynningu erlendis.
- b. Að skipuleggja sameiginlega þátttöku fyrirtækja í sýningum erlendis.
- c. Að gera markaðsathuganir fyrir heilar greinar eða einstök fyrirtæki.
- d. Að safna skipulega og miðla upplýsingum um erlenda markaði og framleiðslunýjungar sem erindi eiga til íslenskra fyrirtækja.
- e. Að veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskar vörur og þjónustu og hafa milligöngu um stofnun viðskiptasambanda.
- f. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi fyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra á milli.
- g. Að leiðbeina fyrirtækjum í hvívetna um útflutning og aðgerðir á erlendum markaði.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að Útflutningsráð sé opið öllum þeim aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða vinna að gjaldeyrisöflun á annan hátt. Í ráðinu verði einnig samtök þeirra atvinnugreina sem tengjast útflutningi á einn eða annan hátt, fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og af hálfu ríkisins fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, samgönguráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Miðað er við að ráðið sjálft komi til fundar að jafnaði tvisvar á ári. Á þeim fundum verði einkum fjallað um stefnumótun í útflutningsmálum og í starfsemi Útflutningsráðs og gerð grein fyrir framvindu einstakra verkefna og fyrirætlunum um starfsemina næstu missirin. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar fundi Útflutningsráðs og stýrir þeim.

Um 4. gr.

Stjórn ráðsins skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs. Á fundum ráðsins geta komið fram ábendingar og hugmyndir um verkefni en stjórnin tekur endanlega ákvörðun um hvaða verkefni er ráðist í. Með þessum hætti er best tryggt að einstakir þættir starfsins og einstök verkefni falli sem best saman í einn farveg. Stjórnin gerir starfsáætlun til eins árs í senn sem hún kynnir á fundum ráðsins.

Eins og sagði í almennum athugasemdum verður starfsemi Útflutningsráðs að verulegu leyti fjármögnuð með hluta af iðnlánasjóðsgjaldi, gjaldi á útfluttar sjávarafurðir og ríkisframlagi. Af þessum sökum er edlilegt að stærstu aðilar í þessum greinum eigi fulltrúa í stjórn auk fulltrúa ríkisins. Í stjórninni verða einn frá Sölumiðstöð hradfrystihúsanna, einn frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, einn frá Flugleiðum, einn frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, einn frá Félagi íslenskra iðnrekenda, einn frá viðskiptaráðuneyti og einn frá utanríkisráðuneyti. Auk þess verði einn stjórnarmaður skipaður sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir.

Gert er ráð fyrir að stjórnin sé skipuð til tveggja ára í senn enda æskilegt að tiltölulega örar breytingar geti orðið í stjórn stofnunar sem þessarar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum en gert er ráð fyrir því að formaður hennar sé jafnan úr hópi fulltrúa atvinnulífsins.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsemi skrifstofu ráðsins og ráðningu starfsfólks. Einnig er hér ákvæði um að stjórnin ákveði gjaldskrá fyrir veitta þjónustu þar sem miðað sé við að útseld þjónusta standi undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra fyrirtækja, a.m.k. ef þessi þjónusta fer umfram ákveðið mark.

Um 6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- a) 0,15% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og verði þetta gjald innheimt á sama hátt og útflutningsgjald skv. lögum nr. 52/1983. Verði þeim lögum breytt til samræmis við þetta.
- b) $\frac{2}{7}$ hlutar iðnlánasjóðsgjalds skv. lögum nr. 55/1984.
- c) Árgjöld þeirra aðila sem ekki greiða iðnlánasjóðsgjald eða útflutningsgjald af sjávarafurðum. Stjórnin ákveður árgjöldin fyrir eitt ár í senn.
- d) Framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við almennar verðbreytingar fjárlaga.
- e) Þóknun fyrir veitta þjónustu skv. 5. gr.
- f) Aðrar tekjur. Hér geta t.d. komið til framlög sjóða til einstakra verkefna eða aðrar tekjur.

Um 7. gr.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Útflutningsráðs verður á vegum fastra starfsmanna á erlendum vettvangi og með ferðalögum að heiman um markaðssvæði. Aðeins með þeim hætti er hægt að skapa þau tengsl við markaðinn sem eru nauðsynleg forsenda árangurs. Í sendiráðum hafa starfað viðskiptafulltrúar undanfarin ár og er eins og stendur einn við sendiráðið í London. Þá eru starfandi tveir viðskiptafulltrúar á vegum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, annar í New York og hinn í Færeyjum. Gert er ráð fyrir að viðskiptafulltrúarnir verði starfsmenn Útflutningsráðs við gildistöku laga þessara enda hafi stjórnin samþykkt þá tilhögun. Um viðskiptafulltrúa, sem aðstöðu hafa við sendiráð Íslands og ræðisskrifstofur, skal semja við utanríkisráðuneytið.

Um 8. gr.

Ákvæði laganna eru tiltölulega almenn og einföld enda ekki ástæða til að hafa ákvæði í lögum um hlutverk eða verkefni Útflutningsráðs mjög ítarleg. Starfsemi slíkrar stofnunar hlýtur jafnan að mótast smám saman með aukinni reynslu og áherslur breytast frá einu ári til annars. Ef þurfa þykir má setja nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur.

Um 9. gr.

Eins og sagði í almennum athugasemdum við frumvarpið er þess gætt að starfsemi Útflutningsráðs byggist sem mest á því starfi sem þegar fer fram á þessu sama sviði. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur um margt haft svipað hlutverk og Útflutningsráði er ætlað í þessum lögum. Þótt starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar sé samkvæmt lögum einskorðuð við iðnaðinn, annan en fiskiðnað, þá hefur verulegur hluti starfsemi hennar verið það sem kalla mætti almenna eflingu útflutningsstarfsemi. Lætur nærri að yfir 40% af starfi Útflutningsmiðstöðvarinnar komi allri útflutningsstarfsemi til góða með einum eða öðrum hætti. Önnur verkefni Útflutningsmiðstöðvarinnar eru einnig flest með þeim hætti að þau falla inn í hlutverk Útflutningsráðs. Því er hér gert ráð fyrir að lög um Útflutningsmið-

stöð iðnaðarins falli úr gildi við gildistöku laga þessara og Útflutningsráð taki við starfsemi hennar. Ákvarðanir um þetta í einstökum atriðum yrðu teknar af framkvæmdastjórn Útflutningsráðs. Gert er ráð fyrir að núverandi starfsfólki Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins verði sagt upp störfum við þessa breytingu en framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs ráði síðan starfsfólk ráðsins.

Um 10. gr.

Stofnun Útflutningsráðs þarf að eiga sér nokkurn aðdraganda eftir setningu þessara laga. Því er gert ráð fyrir að þau taki gildi 1. júní 1986.